

Lok rannsóknar á kaupum Síldarvinnslunnar hf. á helmingshlut í Ice Fresh Seafood ehf. af Samherja hf.

- Í úrlausn þessari er gerð grein fyrir málsmeðferð og lokum rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á samruna Síldarvinnslunnar hf. („Síldarvinnslan“ eða „SVN“) og Samherja hf. („Samherji“) vegna kaupa SVN á 50% eignarhlut af Samherja í Ice Fresh Seafood ehf. („IFS“). Samrunaaðilar upplýstu Samkeppniseftirlitið um afturköllun á samrunatilkynningu hinn 3. júní 2024 og lauk þá sjálfkrafa rannsókn og málsmeðferð eftirlitsins. Vegna afturköllunar aðila á samrunatilkynningu kom ekki til þess að eftirlitið þyrfti að taka endanlega afstöðu til samrunans og hvort hann samræmdist samkeppnislögum.
- Þrátt fyrir að málsmeðferð og rannsókn Samkeppniseftirlitsins hafi lokið án formlegrar niðurstöðu þar sem tilkynning aðila um samrunann var dregin til baka eins áður sagði, þykir rétt með úrlausn þessari að gera grein fyrir meðferð málsins og rannsókn stofnunarinnar. Er það í þágu gagnsæis í störfum eftirlitsins, í samræmi við góða stjórnábylgju, til skýringar á því hvernig tíma og mannauð stofnunarinnar er varið hverju sinni, og í samræmi við leiðbeiningarhlutverk Samkeppniseftirlitsins.
- Þann 9. febrúar 2024 var móttækin fullnægjandi tilkynning Síldarvinnslunnar hf. og Samherja hf. vegna kaupa SVN á áður nefndum helmings eignarhlut af Samherja í IFS eins og áður sagði, og þar með um sameiginleg yfirlit félaganna í kjölfarið í IFS. Hófu þá frestir til rannsóknar áhrifum samrunans að líða.
- Áður en til þess kom að samrunaaðilar sendu inn samrunatilkynningu og fylgiskjöl í febrúar 2024 hafði Samkeppniseftirlitið átt fundi með lögmanni Samherja og SVN í aðdragandanum, að beiðni félaganna. Samkeppniseftirlitið veitti þar samrunaaðilum leiðbeiningar um efni og form samrunaskrár, og upplýsingagjöf í væntanlegu samrunamáli. Þá nýtti Samkeppniseftirlitið heimild sína í samkeppnislögum til þess að óska eftir hefðbundinni samrunatilkynningu í stað styttri tilkynningar.
- Með samrunanum hefðu sjávarútvegsfyrirtækin SVN og Samherji farið með sameiginleg yfirlit í IFS, en það félag átti samkvæmt veittum upplýsingum, m.a. í samrunatilkynningu, framvegis að sjá um sölu og markaðssetningu þeirra afurða sem bæði Samherji og Síldarvinnslan framleiða, þ.e. íslenskar sjávarafurðir.
- Samkeppniseftirlitið hafði áður fjallað um tengsl milli Síldarvinnslunnar og Samherja, m.a. í ákvörðunum nr. 2/2021 og 28/2022 þar sem gerð var grein fyrir talsverðum stjórnunar-, eignar- og viðskiptatengslum milli Síldarvinnslunnar og Samherja, ásamt Gjögur hf./Kjálkanesi hf. Þessi atriði hafa áður verið talin veita vísbendingu um að stofnast hafi mögulega til yfirlita yfir Síldarvinnslunni umfram það sem áður hefur komið fram í tilkynningum til



Samkeppniseftirlitsins. Ekki hefur hins vegar verið talin þörf á því að leiða þetta til lykta í fyrri samrunamálum.

7. Tilkynningarskyldir samrunar eiga sér stað samkvæmt samkeppnislögum þegar breytingar verða á yferráðum í skilningi samkeppnisréttar og samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna og fjölda erlendra fordæma og fræðiskrifa í EES/ESB-samkeppnisrétti um samruna, inntak og eðli yferráðabreytinga, tilkynningarskyldu, bann við framkvæmd samruna og lögsögu í samrunamálum. Breytingar á yferráðum geta byggt á eignarhaldi, samningum o.fl. (*de jure*) en einnig atvikum, aðstæðum og efnahagslegum tengslum (*de facto*), eða blöndu af þessu tvennu.
8. Um tilkynningarskyldan samruna getur aðeins verið um að ræða ef yferráðabreytingar eiga sér stað að lögum og/eða í raun, yfir fyrirtæki eða eftir atvikum hluta fyrirtækis. Af þessum ástæðum þarf að liggja fyrir með skýrum hætti hvernig yferráðum er háttáð yfir samrunaaðilum og hinum seldu eignum fyrir samruna, og hvernig þeim verður háttáð eftir samruna, svo inntak og umfang yferráðabreytinga sé skýrt. Annars væri ótækt að rannsaka stöðu samrunaaðila og hins sameinaða fyrirtækis á viðkomandi mörkuðum fyrir og eftir tiltekin viðskipti, og þar með möguleg áhrif samruna á samkeppni.
9. Eitt af þeim atriðum ekki lá skýrt fyrir í samrunamálinu og rannsaka þurfti voru tengsl Samherja og Síldarvinnslunnar, bæði fyrir og eftir samrunann, þar með talið hvaða áhrif kaup Síldarvinnslunnar og sameiginleg yferráð með Samherja í Ice Fresh Seafood hefðu haft í því samhengi. Í samrunamálinu var það því athugunarefni hvort eigna- og stjórnunartengsl væru til staðar, eða væru að myndast með kaupunum, hvort líta bæri á félögin sem eitt og sama fyrirtækið (í samkeppnisrétti nefnt ein efnahagsleg eining), þ.e. hvort samband þeirra væri svo náíð að það jafngilti einni efnahagslegri einingu en ekki samstarfi sjálfstæðra fyrirtækja.
10. Þess utan eru SVN og Samherji keppinautar og bæði starfandi á sömu mörkuðum. Með samrunanum hefðu þau sameinast um eitt svið í starfsemi sinni eða eitt sölustig í virðiskeðju sjávarafurða. Vegna þessi hefði samruninn getað haft möguleg lóðrétt áhrif vegna aðgengis annarra fiskvinnsla að hráefni annars vegar og annarra útgerðarfyrirtækja eða mögulegra keppinauta að aflahlutdeildum hins vegar, þar sem aðgangshindranir virtust til staðar, auk annarra mögulegra samkeppnisáhrifa.
11. Samkeppniseftirlitið hóf því umsagnar- og samráðsferli meðal markaðs- og hagaðila, þar með talið í sjávarútvegi. Stóð umsagnarferlið í febrúar og mars 2024. Af ofangreindum ástæðum, og þar sem framlengdu umsagnarferli var enn ólokið, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að ástæður væru til frekari rannsóknar á mögulegum áhrifum samrunans í bréfi dags. 14. mars 2024. Sú tilkynning var með fyrirvara um að viðskiptin fælu í sér yferráðabreytingar og þar með tilkynningarskyldan samruna vegna áðurnefndra tengsla félaganna sem einnig væru til athugunar.
12. Að undangenginni frekari rannsókn og yfirferð málgagna átti Samkeppniseftirlitið fund með samrunaaðilum þann 29. apríl 2024. Á fundinum óskaði Samkeppniseftirlitið eftir upplýsingum um tiltekin atriði, í því skyni að stuðla að markvissri frekari gagnaöflun og flýta málsmeðferðinni. Forstjóri Síldarvinnslunnar og lögmenn svöruðu spurningum eftirlitsins og veittu margvíslegar upplýsingar á fundinum. Á fundinum gerði Samkeppniseftirlitið jafnframt grein fyrir stöðu rannsóknarinnar og veitti upplýsingar um málsmeðferðina.
13. Í framhaldi af fundinum sendi Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum bréf dags. 8. maí 2024 með rökstuddri beiðni um frekari upplýsingar. Þar óskaði Samkeppniseftirlitið eftir nánari upplýsingum og gögnum um starfsemi Ice Fresh Seafood, aðstæður á markaði, samstarf



samrunaaðila, skjölum um viðskiptin sem vísað hafði verið til en ekki höfðu verið afhent, ásamt upplýsingum um sölunet og félög fyrirtækjanna erlendis. Jafnframt var óskað eftir tilteknum innanhússgögnum er vörðuðu einkum aðdraganda viðskiptanna. Þá var óskað eftir því að Síldarvinnslan léti eftirlitinu í té innanhússgögn um samskipti stjórnenda félaganna sem í hlut áttu, sem varpa myndi nánara ljósi á tengsl þeirra.

14. Í framhaldi af frekari samskiptum og fundi með samrunaaðilum í kjölfar ofangreindrar upplýsingabeidni, barst hluti þeirra gagna sem Samkeppniseftirlitið hafði óskað eftir frá samrunaaðilum. Hins vegar fengu samrunaaðilar viðbótarfrest til þess að skila þeim gögnum sem vantaði, þ. á m. innanhússgögnum sem áttu að varpa nánara ljósi á samskipti og tengsl Samherja og Síldarvinnslunnar. Var samrunaaðilum veittur viðbótarfrestur til að skila umræddum gögnum til föstudagsins 7. júní 2024.
15. Áður en samrunaaðilar höfðu afhent umbeðin gögn og áður en umræddur viðbótarfrestur til þess að verða við upplýsingabeidni Samkeppniseftirlitsins var liðinn, tilkynntu samrunaaðilar eins og áður sagði hinn 3. júní 2024 að Samherji og Síldarvinnslan hefðu komist að samkomulagi um að falla frá kaupsamningi um 50% hlut í IFS. Vegna þessa væri samrunatilkynningin formlega afturkölluð.
16. Þar sem undirliggjandi viðskipti samrunaaðila lágu ekki lengur fyrir var rannsókn Samkeppniseftirlitsins í samrunamálinu sjálfshætt með framangreindri afturköllun. Með vísan til framangreinds kom því ekki til þess að eftirlitið þurfti að taka endanlega afstöðu til eðlis og áhrifa samrunans sem tilkynntur var eftirlitinu þann 9. febrúar 2024, þar með talið hvort um óyggjandi yferráðabreytingar væri að ræða, og ef svo er hvort samruninn samræmdist samkeppnislögum.
17. Lauk því meðferð samrunamálsins án efnislegrar niðurstöðu hinn 3. júní 2024 líkt og áður greindi.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson